

Alþingi
Erindi nr. P 126/1389
komudagur 13.3.2001

VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Reykjavík 12.3. 2001

Nefndasvið Alþingis
B.t. Þórarinn Þorgeirsson ritari
Alþingi
150 Reykjavík

Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði 389. mál.

Fram hefur komið álit Veiðimálastofnunar um frumvarpið þann 4. þessa mánaðar. Hér á eftir eru viðbótaratriði sem komu í ljós við nánari skoðun frumvarpsins. Það er álit stofnunarinnar að frumvarpið sé til þess fallið að styrkja löggin einkum hvað varðar möguleika á að stýra laxeldi. Núverandi löggjöf er ófullnægjandi að þessu leiti. Skortir þar á lagaheimildir til að setja starfsemi eldisstöðva skilyrði sem almennt er talið að nauðsynleg séu til verndar umhverfi og villtum stofnum. Þetta á einkum við sjókvíaeldi sem getur orðið mjög stórt í sniðum. Í ofan nefndu álitum var bent á nokkur atriði sem betur mega fara og verða þau ekki endurtekin hér en vísað er til þeirra (bréf frá 4/3).

Í 62. gr laganna 1. mgr. er kveðið á um að Landbúnaðarráðherra veiti rekstrarleyfi til fiskeldis en slíkt er á hendi Veiðimálastjóra í gildandi lögum. Við þessa breytingu færast leyfisveitingin frá lægra stjórnvaldi til ráðherra sem jafnframt fer með yfirstjórn veiðimála sbr. 6. gr. Þessi breyting í frumvarpinu skerðir möguleika þeirra sem vilja koma að athugasemdum eða kæra veitingu einstakra rekstrarleyfa, þar sem möguleiki í núgildandi lögum til að skjóta máli til úrskurðar ráðherra verður ekki áfram fyrir hendi. Hliðstæðu má finna í starfsleyfi sem Hollustuvernd veitir. Við þessa breytingu er eftirlit eftir sem áður á hendi Veiðimálastjóra, en gagnrýna má að bæði veiting leyfa og eftirlit með starfsemi og hvort leyfi sé haldið séu á sömu hendi eins og er í núgildandi lögum.

Eftirlit með fiskeldi hefur verið afar takmarkað eða ekkert og þarf að bæta þar verulega úr. Í frumvarpinu er kveðið á um skyldu umsækjanda til að framkvæma rannsóknir á eigin kostnað á sjúkdómstengdum og vistfræðilegum þáttum sé talin þörf á að afla frekari upplýsinga en fyrir liggja. Heimild er einnig til að kveða á í rekstrarleyfi um frekari rannsóknir. Eðlilegra væri að löggin geymdu ákvæði um að heimild væri til að leggja kostnað af slíkum rannsóknum á rekstrarleyfishafann. Nauðsynlegt er vegna þeirra miklu hagsmuna sem um er

að ræða að framkvæmd slíkra rannsókna sé á hendi opinberra eða hlutlausa aðila þannig að traust ríki um rannsóknarniðurstöður og rannsóknaraðferðirnar séu yfir allan vafa hafnar.

Skýrar heimildir skortir í frumvarpinu til að setja skilyrði um lágmarkseftirlit dýralæknis fisksjúkdóma vegna sjúkdóma og sníkjudýra í eldinu. Þær reglur sem um þetta gilda eru ófullnægjandi verði sú aukning á laxeldi í sjókvíum eins og fyrirhugað er. Ekki þarf að ræða þá stigmögnun sjúkdóma og sníkjudýra sem getur átt sér stað í nokkur þúsunda tonna eldisstöð, sem hýsir milljónir laxa. Virkt og öflugt eftirlit með slíkri starfsemi er nauðsynleg með tilliti til þeirrar áhættu sem hún kann að valda villtum laxastofnum.

Í frumvarpinu er ákvæði um að leyfisveitandi geti tekið rekstrarleyfi til endurskoðunar eða fellt það úr gildi ef um ítrekaðar slysasleppingar er að ræða. Hér vantar rýmri heimildir til sektargreiðslna, endurskoðunar eða niðurfellingar á rekstrarleyfum í fiskeldi ef eldisstöð veldur umtalsverðum neikvæðum umhverfisáhrifum á lífríkið vegna staðsetningar eða stærðar. Í þessu sambandi vísast til 7. gr. frumvarps til laga um eldi nytjastofna sem liggur fyrir Alþingi. Skýr ákvæði þurfa að vera til staðar í ljósi þess að kröfur kunna að koma upp um skaðabætur vegna beitingar framleiðslutakmörkunar við endurskoðun og eða niðurfellingu rekstrarleyfis.


Ekki er gert ráð fyrir í lögnum að rekstrarleyfi sé auglýst þannig að hagsmunaaðilar geti komið að athugasemdum innan kærufrests. Úr þessu þyrfti að bæta svo að andmælaréttur sé tryggður í leyfisveitingaferlinu.

Í skýrslu auðlindanefndar eru svæði til sjókvíaeldis skilgreint sem takmörkuð auðlind. Fram kemur í frumvarpinu og í gildandi lögum að umsókn um fiskeldi skuli fylgja skilríki um afnot lands, vatns og sjávar. Brýnt er vegna þessa ákvæðis frumvarpsins að lögfesta með skýrum hætti hvernig beri að standa að slíkum úthlutunum. Vart getur talist eðlilegt að einstaklingar eða fyrirtæki geti helgað sér þessa auðlind, án þess að hafa aflað sér til þess heimilda frá eigandanum, íslenska ríkinu. Huga þarf að í þessu sambandi hvort ástæða sé til að setja heimild í lög um auðlindagjald í þessu skyni.

Virðingarfyllst,



Sigurður Guðjónsson, forstöðumaður



Vífill Oddsson, formaður stjórnar